

Nd.

459. Frumvarp til laga

[190. mál]

um sérstakan útsvars- og skattfrádrátt aldraðs fólks, sem nýtur ekki lífeyrissjóðsréttinda.

Flm.: Ingvar Gíslason, Jón Skaftason.

1. gr.

Hafi skattgreiðandi, sem eigi nýtur lífeyrissjóðsréttinda, náð 70 ára aldri, skal til viðbótar öðrum frádrætti draga sérstaklega frá tekjum hans, áður en tekjuskattur og útsvar er á hann lagt, a. m. k. 50 þús. kr., ef hann er einhleypur, en 75 þús. kr., ef hann á maka á lífi. Ákvæði þetta gildir ekki um þá, sem hafa með höndum sjálfstæðan atvinnurekstur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Margt er nú rætt um það, hvað gera megi öldruðu fólki til hagsbóta, og dylst ekki, að um ýmsar leiðir er að velja eftir því, hvernig á stendur. Mikilvægt er að koma upp dvalarheimilum fyrir aldrað fólk, og hefur margt verið vel unnið á því sviði og nauðsyn þess máls yfirleitt átt hljómgrunn hjá ráðamönnum og almenningi í landinu. Hins vegar er fjarstæða að telja fjölgun dvalarheimila lausn allra meina aldraða fólksins. Verður að hafa í huga, að aðeins lítill hluti aldraðs fólks er svo illa á sig kominn heilsufarslega, að því sé nauðsynlegt að vista sig á dvalarheimilum. Miklu stærri hluti aldraðs fólks getur að mestu eða öllu séð um sig sjálft og æskir þess, sé þess nokkur kostur. Því verður einnig að hafa í huga þá lausn á hagsmunamálum aldraðra að gera þeim kleift, m. a. fjárhagslega, að dveljast sem lengst á eigin heimilum og koma þannig í veg fyrir þá röskun á heimilishögum, sem margt aldrað fólk verður að horfast í augu við, þegar starfsævi lýkur. Hér er fyrst og fremst um að ræða fólk, sem ekki nýtur neinna lífeyrissjóðsréttinda. Aðstaða lífeyrissjóðsfélaga er öll önnur, og er að jafnaði minni vandkvæðum bundið fyrir þá að sjá sér farborða í ellinni, þar sem þeir njóta einnig fulls ellilífeyris skv. almannatryggingalögunum. En þeir, sem standa utan lífeyrissjóða, hafa ekki aðrar framfærslutekjur en hinn nauma ellilífeyri frá almannatryggingum. Ellilífeyrir einstaklings, sem byrjar að taka lífeyri 67 ára, er áætlað að verði frá 1. apríl 1970 kr. 45 288.00, en hjónalífeyrir kr. 81 516.00. Þessar tölur hækka nokkuð, ef menn fresta töku lífeyris fram yfir 67 ára aldur, en það gera fæstir í reynd.

Flm. þessa frv. leggja til, að öldruðu fólki, sem ekki nýtur lífeyrisréttinda, sé ívilnað í sköttum og útsvörum eftir sjötugt. Meginröksemdin er sú, að þessu fólki yrði þá fremur kleift að leggja fyrir til síðustu æví ára sinna nokkurt sjálfseignarfé, sem yrði því ómetanleg stoð og til öryggis afkomu þess, þegar starfsævi hlýtur óhjákvæmilega að ljúka, þótt annars endist líf og heilsa, auk þess sem slík ívilnun er fullkomlega sanngjörn með tilliti til hinnar miklu rýrnunar peningagildis á undanfórnum árum, sem hvað harðast kemur niður á öldruðu fólki, sem leitast hefur við að spara til elliáranna.

Ekki teljum við ástæðu til að ætla, að efnamenn nytu óverðskuldaðra fríðinda, ef þetta frv. yrði að lögum, en það gæti hins vegar hjálpað mörgum bjargálma manni og þeim, sem verr er megandi, til þess að sjá sér lengur borgið á eigin spýtur en ella mundi. Ekki mun þetta frv. heldur hafa neina úrslitabýðingu fyrir tekjumöguleika hins opinbera, því að hvort veggja er, að ekki er hægt og varla sæmandi að reisa verulega tekjuvon á skattlagningu gamalmenna, og slíkur stuðningur við sjálfsbjargarviðleitni hinna öldruðu dregur úr þörfinni á beinni opinberri aðstoð við aldrað fólk. Hér er því í raun réttari um að ræða sérstakt form félagslegra aðgerða í þágu aldraðra og má skoða málið í því ljósi.